

Sjálfsmatsskýrsla

2020 - 2021

Menntaskóli Borgarfjarðar



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	LÝSING Á STARFSEMI SKÓLANS	5
2.1	STEFNA MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR 2018-2022	5
2.1.1	<i>Staða og styrkur</i>	5
2.2	HLUTVERK OG MEGINÁHERSLUR	6
2.3	FRAMTÍÐARSÝN	7
2.4	MARKMIÐ MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR ERU AÐ:.....	7
2.5	SÉRSTAÐA	8
2.6	UMFANG SKÓLANS SKÓLAÁRIÐ 2020 - 2021	9
2.6.1	<i>Nemendur</i>	9
2.6.2	<i>Starfsfólk</i>	9
3	SJÁLFSMAT Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR	9
3.1	GREINING Á TÖLULEGUM GÖGNUM	9
3.1.1	<i>Kennarar</i>	9
3.1.2	<i>Nemendur</i>	10
3.2	KANNANIR	12
3.2.1	<i>Viðhorfskönnun meðal fjarnema</i>	12
3.2.2	<i>Líðan nemenda</i>	17
3.2.3	<i>Viðhorfskönnun útskriftanema vor 2018, 2019, 2020 og 2021.</i>	17
3.2.4	<i>Lýðheilsa framhaldsskólanema – R&G</i>	25
3.2.5	<i>Starfsmannakönnun</i>	26
3.2.6	<i>Covid-19 / skólastarf</i>	30
3.2.7	<i>Gæðagreinar - (How good is our school?)</i>	31
3.2.8	<i>Gæðagreinar á skólaárinu 2020-2021</i>	32
3.2.9	<i>Matsfundir</i>	50
3.2.10	<i>Áætlun um sjálfsmat MB 2019-2023</i>	51
3.3	MENNTUN FYRIR STÖRF FRAMTÍÐAR	52
3.4	SKÝRSLUR.....	52
3.4.1	<i>Námsráðgjöf</i>	52
4	SAMANTEKT OG NÆSTU SKREF	53
5	LOKAORÐ	53
6	FYLGISKIÖL	54

1 Inngangur

Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.:

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Tilgangurinn með sjálfsmati er því fyrst og fremst að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

Árið 2020 verður flestum minnstætt vegna áhrifa Covid-19 á skólastarfið. Á haustönn tóku nýjar sóttvarnareglur gildi í október. Með auknu viðbúnaðarstigi var ákveðið að færa hluta kennslunnar yfir á Teams í fjarkennslu. Allir nýnemar voru settir í tvo aðskilda hópa sem mættu í skólann. Ekki voru allir áfangar nýnema kenndir í staðnámi. Eldri nemum var kennt í gengum Teams, Moodle og samskiptaforrit. Annars konar áhrif Covid-19 urðu einnig veruleg. Mest allt félagslíf nemenda lagðist niður. Á vorönn birti aðeins til þannig að allir nemendur gátu mætt í skólann og félagslífið braggaðist.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat í MB er greint frá markmiðum og stefnu skólans ásamt vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2020 - 2021. Gæðakerfinu er ætlað að tryggja að unnið að stöðugum umbótum á starfsemi skólans, að fram komi áreiðanlegar upplýsingar þar að lútandi og að unnið sé samkvæmt vinnureglum sem skólinn setur sér. Eftirfarandi þættir einkenna sjálfsmat skólans á tímabilinu: Gæðagreinar, kennslumat

í áföngum, matsfundur með nemendum, viðhorfakannanir og starfsmannakönnun.

Þetta skólaár sátu í sjálfsmatshópnum: Lilja S. Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari, Ásthildur Magnúsdóttir kennari og Veronika G. Sigurvinsdóttir skólafulltrúi.

2 Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar 2018-2022

2.1.1 Staða og styrkur

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, opna braut, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttافرæðibraut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið að taka búfræðisvið og innan íþróttabrautar geta nemendur valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið. Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem þriggja ára nám. Nemendur geta einnig valið framhaldsskólabraut þar sem áhersla er á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut, annað nám eða eftir atvikum þátttöku í atvinnulífi. Við skólann er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur sem hafa greiningu fagaðila og geta ekki nýtt sér annað nám við skólann. Nám á starfsbraut tekur fjögur ár.

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi við nærsamfélagið. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er aðili að Fjarmentaskólanun. Skólinn er einnig samstarfi við Símann og KVAN. MB og Síminn settu saman samvinnuverkefnið „Síminn skapar tækifæri fyrir sitt fólk“ markmið þessa verkefnis er að styðja við starfsfólk Símans til að afla sér frekari menntunar. Í desember var gerður samningur við ráðgjafafyrirtækið KVAN um menntunar- og þjálfunarverkefnið „Lífsleikni KVAN“. Skólinn er/var í samstarfi við skóla í Evrópu (Erasmus+) um styrki til þróunarstarfs og gagnkvæmra námsferða. Vegna Covid-19 lagðist allt erlent samstarf niður á skólaárinu.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur frá upphafi haft framsækni að leiðarljósi og farið ótroðnar slóðir í kennsluháttum og námsmati. Við skólann eru engin lokapróf, þess í stað er áhersla lögð á verkefnavinnu og smærri próf. Námsmat skólans er í formi leiðsagnarmats. Skólinn er lítill og einkennist af persónulegum samskiptum. Aðstaða til náms og félagsstarfs er mjög góð í skólanum.

2.2 Hlutverk og megináherslur

Menntaskóli Borgarfjarðar starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

Einkunnarorð MB eru; *Sjálfstæði - Færni - Framfarir* og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum.

Sjálfstæði: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

Færni: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

Framfarir: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

2.3 Framtíðarsýn

Nám og og gæði kennslu

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.
- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

Nemendur

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð líðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.
- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.

Stjórnun

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar.

2.4 Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru að:

Nám og gæði kennslu

- skólinn leggi metnað sinn í að hafa ávallt vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk sem gerir kröfur til sín og nemenda
- efla starfsþróun kennara
- veita kennurum svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi
- fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála
- nemendur fái ávallt gæða stoðþjónustu við sitt hæfi
- skapa gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk

- starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, virðingu, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð
- að námið veiti bæði fræðilega og hagnýta þekkingu
- auka tengsl við nærsamfélagið með áherslu á samvinnu og samstarf við skóla og fyrirtæki í héraðinu

Nemendur

- nemendur hafi aðgang að öflugri stoðþjónustu
- styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleði og vinnuanda
- efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda
- raddir nemenda séu virkur þáttur í starfi skólans
- styðja betur við félagslíf nemenda
- sérhver nemandi hafi tækifæri til að rækta sína hæfileika og ná góðum árangri

Stjórnun

- fjármál og rekstur skólans einkennist af gagnsæi og jafnvægi
- aukin áhersla verði lögð á að kynna námsframboð skólans
- nota innra mat með markvissum hætti til umbóta í skólastarfi

2.5 Sérstaða

Á stefnudegi skólans í október var unnið sérstaklega með sérstöðu skólans og eftirfarandi er uppfærð lýsing á því sem nemendur, kennarar og starfsfólk skólans vill að standi sem sérstaða skólans.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu með eftirfarandi hætti:

- að leggja áherslu á jákvæðan lífsstíl og andlegt heilbrigði með persónulegri þjónustu við nemendur
- að skipulag náms sé fjölbreytt, persónulegt og sveigjanlegt
- að bjóða uppá námsbrautina Náttúrufræðibraut – búfræðisvið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri
- að vera í nánun samstarfi við fyrirtæki og stofnanir
- að vera í fararbroddi hvað varðar námsmat og endurgjöf til nemenda

- að nemendur vinni lokaverkefni út frá áhugasviði og geti skilað vinnu sinni með fjölbreyttum hætti

2.6 Umfang skólans skólaárið 2020 - 2021

2.6.1 Nemendur

Haustið 2020 voru 159 nemendur skráðir í nám við skólann og þar af voru 51 nýnemar. Af heildarfjölda nemenda voru 42 skráðir í fjarnám sem skýrist að einhverju leyti með samningi við Símann. Stúlkur voru 49% nemenda og strákar 51%.

Á vorönn 2021 fækkaði skráðum nemendum í 152 þar af voru 47 nemendur skráðir í fjarnám. Kynjahlutföllin snérust við á vorönn, stúlkur voru 54% nemenda og strákar 46%.

2.6.2 Starfsfólk

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna við skólann voru 21 á vorönn 2021.

Þar af starfa níu eingöngu við kennslu og einn starfsmaður sinnti kennslu sem hluta af öðrum störfum. Á vorönn 2021 voru auk þessara starfandi einn kennari í tímabundnu hlutastarfi og því telur heildarfjöldi þeirra sem kenndu við skólann á vorönn 2021 11 einstaklinga.


Tveir stjórnendur eru við skólann, einn fjármálastjóri, einn umsjónarmaður starfsbrautar (sem kennir líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, húsvörður (í hlutastarfi), matráður og ræstitæknir.

3 Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

3.1 Greining á tölulegum gögnum

3.1.1 Kennarar

Menntun kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar er nokkuð góð. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi. Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunar.




Mynd 1. Menntun kennara 2017 – 2021.

Á mynd 1 má sjá að lítil breyting hefur verið á menntunarstigi kennara undanfarin ár. Kennarar hafa verið duglegir að sækja styttri námskeið á vegum eða í samvinnu við fagfélög. Þetta skólaár hefur endurmenntun að stórum hluta farið fram á netinu. Kynjaskipting meðal kennara MB hefur verið ójöfn þar sem færri karlmenn en konur hafa kennt við skólann þau ár sem hann hefur starfað. Á vorönn 2021 eru kynjahlutföllin í kennslu; konur 70% og karlar 30%.

3.1.2 Nemendur

Þeir nemendur sem innritast í MB eru í flestum tilfellum með lögheimili í Borgarbyggð eða um 70% nemenda. Hér fyrir neðan má sjá tölur um fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig eftir önnum.



Mynd 2. Fjöldi nemenda eftir brautum.

Á mynd 2 má sjá að nemendafjöldi á hverri námsbraut skólans er svipaður á milli anna en um áramót fjölgaði á opinni braut en þar eru flestir fjarnemarnir skráðir í nám.

3.1.2.1 Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum

Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Þó er alltaf gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi. Útskrifarhlutfall eftir þriggja ára nám var vorið 2018 52%, vorið 2019 63%, vorið 2020 68% og vorið 2021 38%.

Námsbraut	Vor 2021
Félagsfræðabraut	7
Náttúrufræðibraut	4
Náttúrufræðibraut - búvísindasvið	3
Íþróttfræðibraut - náttúrufræðisvið	1
Opin braut	11
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1
Alls	27

3.1.2.2 Viðveruskráning nemenda skólaárið 2020 - 2021

Vegna Covid-19 er viðveruskráning nemenda ekki marktæk þetta skólaár.

3.1.2.3 Brotthvarf




Markmið skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann brautskráist frá honum á tilsettum tíma. Ef nemandi hættir þá er reynt að komast að því hvaða skýringar liggja að baki. Ástæður brotthvarfs eru skráðar. Brotthvarf úr námi er 1.2% á haustönn 2020 og 5% á vorönn 2021.

Haust 2020 – fjöldi	Skýring	Vor 2021 – fjöldi	Skýring
	Veikindi	2	Veikindi
	Áhugaleysi	1	Áhugaleysi
	Fór í vinnu	1	Fór í vinnu
2	Persónulegar ástæður	4	Persónulegar ástæður


3.2 Kannanir

3.2.1 Viðhorfskönnun meðal fjarnema


Á vorönn 2019 var send út könnun til allra fjarnema við MB og til samanburðar var eins könnun lögð fyrir á vorönn 2021. Í báðum könnunum var svörun ekki mikil en niðurstöðurnar gefa ákveðnar vísbendingar. Lagðar voru fyrir 10 spurningar; 2 spurningar varðandi bakgrunn, 8 almenn spurningar auk tveggja opinna spurninga. Niðurstöður gefa til kynna að nemendur séu almennt ánægðir með framkvæmd fjarnáms og þá þjónustu sem þeir fá. Opnu spurningarnar í lokin gefa góðar vísbendingar um hvað er vel gert og hvað má betur fara í fjarkennslu MB. Heildarniðurstöður má sjá hér.




4 - Hvernig er staðið að stuðningi við fjarnemendur varðandi þjónustu, kennara og aðgengi?







5 - Hversu ánægð(ur) ertu með kennsluna í fjarnámi í MB?



6 - Finnst þér kennsluáætlun nægilega skýr í þínum áfanga/áföngum?







11. Hver er ástæðan fyrir því að þú ert skráð(ur) í nám í MB?

Ástæður fyrir því að nemendur völdu fjarnám eru margvíslegar, sumir eru að klára stúdentspróf með vinnu en aðrir eiga erfiðara með að stunda staðnám sökum fjölskylduaðstæðna.


12. Hvað mætti betur fara í fjarnámi MB?

Hér kom helst fram að upptökur á fyrirlestrum mættu vera vandaðri. Annars voru langfelstir sáttur við fjarnámið eins og það er.

13. Hvað finnst þér vel gert í fjarnámi MB?

Hér kom fram að kennarar svöruðu fyrirspurnum fljótt og vel, sýna mikinn áhuga, vilja aðstoða og eru vel skipulagðir.

3.2.2 Líðan nemenda



Mynd 3. Líðan nemenda í skólanum

Helsta breyting frá síðustu könnunum og til skoðunar er há prósentu nemenda sem líður ekki eins vel í skólanum. Nánari greining leiddi í ljós að helst tegndist vanlíðan almennum kvíða.



3.2.3 Viðhorfskönnun útskriftanema vor 2018, 2019, 2020 og 2021.

Framkvæmd


Á vorönn 2018, 2019, 2020 og 2021 var lögð viðhorfskönnun fyrir útskriftarnemendur skólans. Á vorönn 2020 var gerð örlítil breyting á könnuninni. Þrjár spurningar sem áttu við kennslukerfið, heimasíðu og mötuneyti voru teknar út. Í stað þeirra komu tvær nýjar spurningar um viðhorf nemenda til skólans.

Nemendur voru beðnir að svara 16 spurningum sem vörðuðu m.a. nám í MB, framtíðaráform nemenda, samskipti og ýmsa þjónustu skólans. Könnunin var lögð fyrir alla útskriftarnema og var þátttaka 93% vorið 2018, 76% vorið 2019, 96% vorið 2020 en vorið 2021 var svörunin mun lægri en áður eða um 35%.


Niðurstöður





3. Hvernig heldur þú að námið í MB muni nýtast þér í áframhaldandi námi?




4. Ég get mælt með skólanum mínum við vini mína







7. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar persónulega aðstoð?




8. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar námslega aðstoð?




9. Hvernig finnst þér yfirstjórn skólans vera?




10. Hvernig finnst þér samskipti við umsjónarkennara/umsjónartímar?




11. Hvernig finnst þér skólaandinn í MB?




12. Hvernig eru samskiptin þín við aðra nemendur?




13. Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað stafsólk?



14. Hvernig finnst þér kennararnir sem hafa kennt þér hafa verið?





16. Nemendur voru spurðir: „Hvaða einkunn gæfir þú MB (á skalanum 1 -10)? “

Niðurstöður voru þær að meðaleinkunn fyrir skólann var 8,43 (2018), 8,42 (2019), 8,93 (2020) og 7,8 (2021).

3.2.4 Lýðheilsa framhaldsskólanema – R&G

Skólinn tók þátt í könnun R&G um lýðheilsku framhaldsskólanema á haustönn 2020. Könnunin fór fram á netinu og var send með tölvupósti og til allra þátttakenda samkvæmt nemendalista. Könnunin var lögð fyrir í október 2020. Svarhlutfall var 63%. Rannsókn & greining kannar m.a. vímuefnaneyslu, félagslega þætti (viðhorf og vandi í námi og líðan og heilsu) og Covid tengda þætti.

Það er ýmislegt úr niðurstöðum R&G sem kemur jákvætt út fyrir MB en annað er umhugsunarvert. Jákvæðir hlutir eru til dæmis viðhorf til náms og vandi í námi. Hlutfall þeirra stelpna sem drekka orkudrykki daglega er töluvert hærra en landsmeðaltalið. Eins er hlutfall stráka í MB sem sofa of lítið hærra en landsmeðaltal. Þegar nemendur voru spurðir um Covid tengda þætti eins og streitu upplifðu nemendur MB enga breytingu eða minni streitu í kórónuveirufaraldinum og samkomubann jók ekki á áhyggjur af bæði líkamlegri og andlegri heilsu nemenda. Þessar niðurstöður gefa til kynna að alltaf er þörf fyrir að vera á varðbergi gagnvart því óæskilega og hefja til flugs það sem vel er gert.

3.2.5 Starfsmannakönnun


Hagvangur hannaði spurningalista og sá um fyrirlögn könnunarinnar og úrvinnslu á niðurstöðum. Í greiningu Hagvangs er lögð áhersla á einfaldleika, skýra framsetningu niðurstaðna og tillagna. Hagvangur notast við viðurkennt kannanakerfi sem tryggir nafnleynd í úrvinnslu niðurstaðna. Niðurstöður eru settar fram með skýrum og einföldum hætti.



Framkvæmd:




Heildstæð vinnustaðgreining var lögð fyrir alla starfsmenn um líðan á vinnustaðnum. Spurningarnar fjölluðu einkum um starfsánægju, starfsskilyrði, samstarf, ímynd, stjórnun og streitu. Niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar á rafrænu mælaborði. Ráðgjafar Hagvangs fóru yfir helstu niðurstöður og kynntu tillögur að úrbótum á sérstökum fundi með skólameistara.




Þátttaka og helstu niðurstöður:


Það er skemmst frá því að segja en allir starfsmenn svöruðu könnuninni eða 100% þátttaka bæði árin 2020 og 2021. Helstu niðurstöður voru þær að almennt eru starfsmenn mjög ánægðir með vinnustaðinn, samskipti, samstarf, stjórnun og skólameistara. Þeir þættir (starfsþróun og starfsskilyrði) sem komu lakast út bæði árin verða skoðaðir betur. Í maí var haldinn starfsmannafundur þar sem farið var yfir allar niðurstöður.











3.2.6 Covid-19 / skólastarf

Í apríl 2020 var lögð fyrir nemendur könnun vegna skólalokunnar þar sem þeir voru spurðir um námið og líðan. Helstu niðurstöður voru þær að nemendum gekk ágætlega að halda rútinu, náðu að fylgjast með á Teams og skila verkefnum. Flestum nemendum fannst vinnuálagið svipað en fjórðungi fannst vinnuálagið meira. Það sem reyndist nemendum erfiðast var að mega ekki koma í skólahúsnæðið og hitta kennara og skólafélaga. Sambærileg könnun var gerð í lok október 2020. Úr þeim niðurstöðum mátti greina að nemendur voru neikvæðari gagnvart aðstæðum sínum en að vori. Niðurstöðurnar úr þessum tveimur könnunum eru kannski ekki alveg sambærilegar því allir nýnemar voru í staðnámi að hluta.

Myndin hér að neðan sýnir þá þætti sem nemendur (í október) nefndu helst varðandi líðan.



3.2.7 Gæðagreinar - (How good is our school?)

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst í haustið 2010 með því að teknir voru upp svokallaðir *Gæðagreinar* (e. *How good is our school?*).

Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Gæðagreinar eru ennfremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjá meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta.

Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsfólks, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Á haustmánuðum 2019 var sett fram ný áætlun um sjálfsmat MB. Sjálfsmatsáætlunin er til ársins 2023 og þar kemur fram hvaða þættir skólstarfsins verða metnir hverju sinni.

3.2.8 Gæðagreinar á skólaárinu 2020-2021

Matsfundir með þátttöku starfsfólks voru tveir á skólaárinu. Á haustfundinum skoðaði og mat starfsfólk fullyrðingar sem tengdust lykípætti 2 (Þjónusta við nemendur) og gáfu þeim einkunnir. Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður og kynnti þær á starfsmannafundi. Í framhaldi af þeim fundi var gerð þróunaráætlun eða umbótaáætlun. Í þeirri áætlun koma fram hugmyndir að endurbótum.

Á vorönn var einn matsfundur með þáttöku kennara og fyrirkomulagið var svipað þ.e. skoðaðir lykílþáttur 1 (Námið). Niðurstöður matsins voru kynntar á kennarafundi, ásamt tillögum að þróunaráætlun.

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur – haust 2020

Náms- og starfsráðgjöf

Gæðagreinir 2.1

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Aðgengi og þessi tiltekni náms- og starfsráðgjafi
- Góð nánd, samskipti og aðgengi
- Persónuleg þjónusta við nemendur
- Vel mönnuð staða – málsvari nemenda
- Gott aðgengi, samstarf, staðsetning og samskipti

Veiku hliðarnar okkar:

- Nemendur sem þess þurfa mættu nýta sér þjónustuna
- Að hækka starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa svo hægt sé að nýta krafta hans enn betur í þágu nemenda og kennara
- Við kennarar vitum kannski ekki hvað gæti gagnast

Tillögur um aðgerðir:

Kynna þjónustuna oftár á önn, kennarar minni einnig nemendur á að hafa samband og nýta sér náms- og starfsráðgjafa.

- Hækka starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa
- Fræðsla um starf náms- og starfsráðgjafa og hvers við eigum að gæta
- Við erum mjög sátt

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur

Skrifstofa

Gæðagreinir 2.2

Vegin heildareinkunn 5,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Veronika og staðsetning er góð
- Starfsmaðurinn er sterku hliðarnar
- Persónuleg og hlýleg þjónusta. Gott utanumhald og yfirsýn. Mjög góð þjónustulund.
- Góð þjónusta, aðgengi og viðmót

Veiku hliðarnar okkar:

- Engar
- Fáar

Tillögur um aðgerðir:

- Hlúa vel að starfsmanni
- Bara gott eins og þetta er

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur

Tölvuþjónusta

Gæðagreinir 2.3

Vegin heildareinkunn 4,6

Sterku hliðarnar okkar:

- Öll kerfi virka
- Netið er komið í lag og unnið í tæknimálum
- Góður búnaður og gott þráðlaust net.
- Gengið er í að laga það sem er ábótavant jafn óðum
- Gott netkerfi og aðgengi á moodle

Veiku hliðarnar okkar:

- Utanumhald eitthvað losaralegt og spurning um verkferla
- Til eru önnur kennslukerfi en óvíst hvort þau séu betri
- Að það er enginn starfsmaður í húsi sem sér um þessi mál
- Óljóst hver sinnir tækniþjónustu fyrir nemendur

Tillögur um aðgerðir:

- Gera verkferla skýra
- Skoða önnur kennslukerfi og leggja mat á hvort við eigum að skipta
- Ráða starfsmann sem sér um tölvu- og kerfisþjónustu
- Gæta að nemendur séu upplýstir um hverjir sjá um tölvuþjónustu

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur

Upplýsingagildi heimasíðu skólans

Gæðagreinir 2.4

Vegin heildareinkunn 4,6

Sterku hliðarnar okkar:

- Ágætt utanumhald og allar nauðsynlegar upplýsingar eru á síðunni
- Virkni á Facebook hefur gjörbreyst
- Mikið um jákvæðar og daglegar fréttir
- Mikið af gagnlegu efni inni á síðunni
- Nauðsynlegar upplýsingar, aðgengilegar, góð fréttamiðlun

Veiku hliðarnar okkar:

- Síðan ekki uppfærð nógu oft
- Erfitt að finna upplýsingar á heimasíðunni
- Þyrfti að uppfæra t.d. nemendafélagsupplýsingar, svölítið gamaldags uppsetning
- Löng leið að sömu upplýsingum (margir smellir)

Tillögur um aðgerðir:

- Setja myndir af starfsfólki inn á síðuna

- Auðvelda leit að t.d. skólanámskrá og fleiru – meira leiðandi
- Poppa upp síðuna en halda inni upplýsingum. Á skólinn að vera á fleiri samfélagsmiðlum?
- Endurskoða síðuna, útlitslega og innihaldslega.

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur

Mötuneyti

Gæðagreinir 2.5

Vegin heildareinkunn 5,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Góð þjónusta og matur
- Frábær matráður. Hollur, góður og fjölbreyttur matur
- Góður og hollur matur. Starfsmaður
- Sólrún

Veiku hliðarnar okkar:

- Engar
- Vantar betri tæki í eldhús vegna fjölda nemenda í mat
- Aðstaðan í eldhúsi takmarkandi

Tillögur um aðgerðir:

- Sjá til þess að matráður hafi þau tæki sem til þarf
- Skoða breytingar á eldhúsi
- Tryggja að starfsmaður haldi áfram störfum

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2020 - 2021

Gæðagreinir nr. 2.1
 Þjónusta við nemendur –
 Náms- og starfsráðgjöf

Markmið: Að efla þjónustu náms- og starfsráðgjafa Að kynna þjónustu náms- og starfsráðgjafa	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Fjölga viðverudögum til að geta sinnt nemendum betur ✓ Kynna þjónustuna betur fyrir nemendum og kennurum 	Skólameistari Náms- og starfsráðgjafi	Þegar tækifæri gefst Alltaf í gangi	Auka starfshlutfall Kynningarfundir	

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2020 - 2021

Gæðagreinir nr. 2.2
 Þjónusta við nemendur –
 Skrifstofa

Markmið: Að þjónusta skrifstofu verði áfram til fyrirmyndar	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
✓ Að upplýsa nemendur og starfsfólk um þjónustu skrifstofu skólans	Skólastjórnendur / skólafulltrúi	Haustönn 2021	Upplýsingabæklingur nýnema Handbók kennara	Skoða útgefna bæklinga. Viðhorfakönnun meðal nemenda.

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2020 - 2021

Gæðagreinir nr. 2.3
 Þjónusta við nemendur –
 Tölvuþjónusta

Markmið: Að nemendur og starfsfólk hafi gott aðgengi að tölvuþjónustu Að verkferlar tölvuþjónustu séu skýrir	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Gera verkferla skýra ✓ Ráða starfsmann sem sér um tölvu- og kerfisþjónustu ✓ Innleiðing á nýjungum sé öllum tryggð með stöðugri eftirfylgni 	Skólastjórnendur Skólameistari Skólastjórnendur/tölvuþjónusta	Vorönn 2021		

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2020 - 2021

Gæðagreinir nr. 2.4
 Þjónusta við nemendur –
 Upplýsingagildi heimasíðu

Markmið: Að upplýsingagildi heimasíðu sé gott Að uppfærsla á heimasíðu sé regluleg	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Hafa ábyrgðaraðila sem setja inn efni á síðuna ✓ Endurskoða síðuna, útlitslega og innihaldslega 	Skólastjórnendur Skólastjórnendur/ tölvuumsjón	Allar annir Vorönn 2021		

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2020 - 2021

Gæðagreinir nr. 2.5
 Þjónusta við nemendur –
 Mötuneyti

Markmið: Að bjóða upp á hollan og næringargóðan mat Að hafa tæki og búnað sem til þarf í eldhúsi	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Hafa áfram góðan og hollan mat ✓ Skoða breytingar á eldhúsi ✓ Tryggja að starfsmaður haldi áfram störfum 	Matráður Skólastjórnendur Skólameistari	Allar annir		

Lykilþáttur 1: Námið – Vor 2021

Námsbrautir

Gæðagreinir 1.1

Vegin heildareinkunn 4,3

Sterku hliðarnar okkar:

- Eðlileg þróun stúdentsbrauta
- Áfangar stöðugt endurskoðaðir
- Skólinn hefur verið á tánum við að breyta brautum eins og framhaldsskól
abraut á síðustu misserum
- Þróun brauta/áfanga

Veiku hliðarnar okkar:

- Of lítið námsframboð
- Framhaldsskólabrautin “olnbogabarn”

Tillögur um aðgerðir:

- Reyna að auka námsframboð
- Endurskoða áfanga reglulega
- Vera stöðugt á tánum með að uppfæra áfanga og brautir. Skóli sem undir
býr nemendur fyrir framtíðina

Lykilþáttur 1: Námið

Námsframboð/áfangar

Gæðagreinir 1.2

Vegin heildareinkunn 4,6

Sterku hliðarnar okkar:

- Það sem við kennum gerum við vel
- Margir sem vilja bjóða upp á valáfanga
- Það sem er í boði er gott

Veiku hliðarnar okkar:

- Vantar nemendur í valáfanga
- Við erum svo fá, sem takmarkar námsframboð, t.d. valáfanga
- Fábreytni, lítið framboð af valáföngum

Tillögur um aðgerðir:

- Auka námsframboð og reyna að fjölga nemendum
- Halda áfram að hvetja kennara til að bjóða upp á fjölbreytta valáfanga
- Búa til fleiri valáfanga og “selja” þá nemendum. Gerð öðruvísi áfanga þar s
em hefðbundnar námskröfur eru ekki eins miklar og í skylduáföngum

Lykilþáttur 1: Námið

Námskröfur og reglur

Gæðagreinir 1.3

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Skýrar reglur og áfangalýsingar
- ✓ Reglur í föstum skorðum
- ✓ Teljum reglur skýrar og að það veiti nemendum aðhald

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Ekki nægjanlegt aðhald v/mætinga
- ✓ Of mikil nánd við nemendur sem gerir það að fylgja reglum oft erfitt

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Þó ekki sé nægjanlegt aðhald v/mætinga þá viljum við þó hafa ákveðið svigrúm til að nemendur geti bætt sig
- ✓ Í þessum flokki er allt í fínum málum
- ✓ Að reglum séu skýrar og þeim framfylgt

Lykilþáttur 1: Námið

Ástundun og vinna nemenda

Gæðagreinir 1.4

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Vörður hjálpa nemendum að meta eigin stöðu
- ✓ Gott skipulag á kennslu sem gerir námið einfaldara fyrir nemendur
- ✓ Verkefnaskil eru góð

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Nemendur eru oft ósjálfstæðir, þá skortir oft frumkvæði
- ✓ Þurfum að reyna að vekja innri áhugahvöt nemenda betur. Nemendur vilja fá allt upp í hendurnar
- ✓ Margt sem glepur nemendur í kennslustundum

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Valdefling nemenda – KVAN er 1. Stigið
- ✓ Halda áfram með KVAN til að efla veikleika og styrkleika nemenda
- ✓ Að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti að brydda upp á nýjungum og fjölbreytni

Lykilþáttur 1: Námið

Mat á áfangalýsingum og kennsluáætlun

Gæðagreinir 1.5

Vegin heildareinkunn 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Skýrar áfangalýsingar
- Flottar kennsluáætlanir og áfangalýsingar
- Kennsluáætlanir vel unnar og gott utanumhald

Veiku hliðarnar okkar:

- Of staðlað form kennsluáætlanna (ríkisútgáfa)
- Grunnþættir mættu vera sýnilegri

Tillögur um aðgerðir:

- Framsetning kennsluáætlana sé skýr og samræmd
- Skoða grunnþætti betur. Bæta og skýra UT-áfangann
- Allt í fínu lagi

Lykilþáttur 1: Námið

Mat á fjarnámi

Gæðagreinir 1.6

Vegin heildareinkunn 4,4

Sterku hliðarnar okkar:

- Góð samskipti í gegnum netið (tölvupóstur og Teams)
- Aðgengi að kennurum og sveigjanleiki
- Greiður aðgangur nemenda að kennurum

Veiku hliðarnar okkar:

- Erfitt að vera hörð á prófreglum fyrir fjarnema
- Það er erfitt að kenna saman fjarnám og staðnám
- Fjarnemar fá ekki eins mikla athygli og staðnemar

Tillögur um aðgerðir:

- Halda áfram að þróa fjarnámið
- Skoða hvort þjónusta sé jafn góð og hvort það eru sömu kröfur til námsmats
- Eyrnamerkja ákveðinn tíma fyrir fjarnemana

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2021 - 2022

Gæðagreinir nr. 1.1 –
 Námsbrautir

Markmið: Að námsbrautir skólans þjóni nemendum vel Að áfangar skólans séu í stöðugri þróun	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> Rýna betur í námsbrautir skólans Að skoða hvern áfanga fyrir sig og uppfæra árlega Reyna að auka námsframboð 	Kennarar og stjórnendur Kennarar Stjórnendur	Vor 2022 Allar annir	Samráðsfundi kennara	Skólanámskrá Skoða námsframboð

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2021 - 2022

Gæðagreinir nr. 1.2 –
 Námið – námsframboð /
 áfangar

Markmið: Að efla val nemenda	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
<ul style="list-style-type: none"> • Þjóða upp á aukið námsval nemenda • Búa til öðruvísi áfanga 	Skólastjórnendur Kennarar og skólastjórnendur	Vorönn 2021 Haustönn 2021	Aukið fjármagn og þáttöku nemenda	Skoða framboð

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2021 - 2022

Gæðagreinir nr. 1.3 –
 Námið – námskröfur og
 reglur

Markmið: Að hafa reglur einfaldar og skýrar Að framfylgja þeim reglum sem settar eru	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> Hafa skýrar reglur og framfylgja þeim sem settar eru 	Kennarar og skólastjórnendur	Haustönn 2021	Kennarafundur	Kanna hvort reglum sé framfylgt

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2021 - 2022

*Gæðagreinir nr. 1.4 –
 Námið – ástundun og
 vinna nemenda*

Markmið: Að efla ábyrgð nemenda á eigin námi Að auka styrkleika nemenda	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> • Valdefla nemendur • Efla bæði styrkleika og veikleika 	Kennarar og skólastjórnendur Samtaraí við KVAN	Skólaárið 2021 - 2022	Þátttaka nemenda	Samtal á milli kennara og nemenda

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2021 - 2022

Gæðagreinir nr. 1.5
 Námið – áfangalýsingar og
 kennsluáætlanir

Markmið: Að gera grunnþætti menntunar sýnilegri í kennslunni Skýrar kennsluáætlanir	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Huga að grunnþáttum í verkefnum og kennsluháttum hvers áfanga ✓ Hafa kennsluáætlanir skýrar og samræmdar 	Kennarar Stjórnendur og kennarar	Skólaárið 2021 – 2022 Haustönn 2021	Öflugar kennsluáætlanir	Yfirfara reglulega

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2021 - 2022

Gæðagreinir nr. 1.6
 Námið – fjarnám

Markmið: Að þróa fjarnámið áfram Að allir nemendur skólans fái sömu þjónustu	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

<i>Hvað þarf að gera:</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Skoða þjónustu við stað- og fjarnemendur ✓ Hafa ákveðinn tíma fyrir fjarnema 	Kennarar Stjórnendur og kennarar	Skólaárið 2021 - 2022 Haustönn 2021	Samtal og samráð	Nemendakannarnir

3.2.9 Matsfundir

Haustið 2011 var tekin upp sú nýbreytni að halda matsfundi með nemendum. Tilgangurinn var að fá betri sýn á hvern áfanga fyrir sig og leyfa nemendum að koma sinni skoðun betur á framfæri við skólastjórnendur (e. Listening to Students' Voices). Með því að nota þessa aðferð teljum við að við fáum raunhæfari mynd af skólastarfinu og þessi leið yrði skilvirkari en hefðbundið kennslumat.

Framkvæmd:

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur. Fundirnir voru bæði á haust- og vorönn. Framkvæmdin var í höndum aðstoðarskólameistara.

- Í byrjun fá nemendur miða í hendur þar sem þeir skrá niður eitt til tvö atriði um það sem þeim þætti jákvætt við áfangann og eitt eða tvö atriði sem mættu betur fara í áfanganum. Sérstaklega tekið fram að nemendur gætu sagt “pass” ef þeir hefðu ekkert sérstakt að segja.
- Áður en byrjað var, var tilgangurinn með verkefninu útskýrður sem er að bæta skólastarfið og gefa nemendum tækifæri á að koma skoðunum sínum milliliðalaust til skólastjórnenda.
- Nemendur látnir vita hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar (nafnlausar) á fundi með skólastjórnendum.

Úrvinnsla niðurstaðna:

Eftir að öllum matsfundum var lokið voru niðurstöðurnar dregnar saman fyrir hvern áfanga. Var viðkomandi kennari kallaður á fund til skólastjórnenda eins fljótt og hægt var þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og fékk hann allar athugasemdir nemenda útprentaðar. Farið var yfir hvernig matsfundurinn gekk fyrir sig, að orðalag væri ekki ritskoðað og þær athugasemdir sem oft voru nefndar væru feitletraðar. Í samtölum við kennara kom fram þeirra upplifun af matsfundunum. Kennarar eru almennt ánægðir með þessa fundi og voru nokkuð vissir um að niðurstöðurnar gefa þeim betri mynd af kennslunni.

3.2.10 Áætlun um sjálfsmat MB 2019-2023

	Haust 2019	Vor 2020	Haust 2020	Vor 2021	Haust 2021	Vor 2022	Haust 2022	Vor 2023
Lykilþáttur				x				x
1. Námið								
Gæðagreinir				x				x
1.1 Námsbrautir				x				
1.2 Námsframboð/áfangar				x		GNOK		
1.3 Námskröfur og reglur				x				
1.4 Ástundun og vinna nemenda				x				
Lykilþáttur:								
2. Þjónusta við nemendur			x			G		
Gæðagreinir						Æ		x
2.1 Náms- og starfsráðgjöf			x			Ð		
2.2 Skrifstofa			x			I		x
2.3 Tölvuþjónusta			x					x
2.4 Upplýsingagildi heimasíðu			x			N		
2.5 Mötuneyti			x			Á		
Lykilþáttur:						M		
3. Áhrif starfsfólks á skólastarfið	x					S		
Gæðagreinir						O		
3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	x					G		
Lykilþáttur:						K		
4. Skólanámskrá		x				E		
Gæðagreinir						N		
4.1 Skólanámskrá		x				N		
Lykilþáttur:						S		
5. Mat á kennslu og námi	x					L		
Gæðagreinir						U		
5.1 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	x							
5.2 Mat á kennslu	x							
Lykilþáttur:								
6. Stefnuþáttur, áætlanagerð og fjármál		x						
Gæðagreinir								
6.1 Stefnuþáttur/áætlanagerð		x						
6.2 Fjármál		x						
Lykilþáttur:								
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk							x	
Gæðagreinir								
7.1 Mönnun og ráðningar							x	
7.2 Starfsandi og verkaskipting							x	
7.3 Starfsþróun og starfsmannaviðtöl							x	
Lykilþáttur:								
8. Samstarf					x			
Gæðagreinir								
8.1 Foreldrar					x			
8.2 Erlend samskipti					x			
8.3 Innlend samskipti					x			
8.4 Nefndir og ráð					x			
Lykilþáttur:								
9. Viðburðir í skólastarfi		x		x		x		x
Gæðagreinir								
9.1 Þemadagar		x		x		x		x

3.3 Menntun fyrir störf framtíðar

Í maí 2020 hélt skólinn ásamt SSV ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Menntun fyrir störf framtíðar“. Til þess að vinna áfram með niðurstöður ráðstefnunnar var skipaður verkefnastjóri og starfshópur sem hófu störf í byrjun árs og skiluðu niðurstöðum í apríl. Í hópnum voru, í stafrófsröð, auk verkefnasjóra Signýjar Óskarsdóttur: Bjarki Þór Grönfeldt, doktorsnemi, fulltrúi útskrifaðra nemenda. Bjarni Þór Traustason, framhaldsskólakennari, fulltrúi starfsfólks MB. Helena Guttormsdóttir, lektor hjá LBHÍ, fulltrúi stjórnar MB, Inga Dóra Halldórsdóttir, framkv.stjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, fulltrúi stjórnar MB. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, forstöðumaður samkeppnissviðs SA, fulltrúi atvinnulífsins. Kolfinna Jóhannesdóttir, sviðsstjóri matssviðs MMS. Ólöf Björk Sigurðardóttir, framhaldsskólakennari, fulltrúi starfsfólks MB. Þorgeir Frímánn Óðinsson, Directive games og from. samtaka leikjaframleiðenda, fulltrúi atvinnulífsins. Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania, fulltrúi atvinnulífsins.

Verkefni starfshópsins var að skila af sér rökstuddri tillögu um hvernig MB getur markað sér skýra sérstöðu með námsframboði sínu og námsumhverfi. Í tengslum við vinnu hópsins var rætt við fjölmarga hagaðila m.a. við fulltrúa fjögurra háskóla með það að markmiði að gæta þess að tillögur hópsins stæðust þær kröfur sem háskólar gera til sinna nýnema.

Næsta skólaár verður byrjað á að vinna og útfæra hugmyndir starfshópsins nánar þannig að MB færir nær því að undirbúa nemendur fyrir lífið sjálft og tengjast atvinnulífinu betur.

3.4 Skýrslur

3.4.1 Námsráðgjöf

Skýrsla námsráðgjafa 2020-2021 (sjá fylgiskjöl).

4 Samantekt og næstu skref

Nýliðið skólaár var sennilega með þeim óvanalegustu í sögu skólans og er óhætt að segja að covid19 hafi haft töluverð áhrif. Þrátt fyrir ástandið tókst að leggja mat á ýmsa þætti skólastarfsins. Það sem helst sýndi sig í ástandinu var minni þátttaka nemenda í sumum viðhorfskönnunum.

Í byrjun árs var skipaður starfshópur sem vinna átti með niðurstöður sem fengust úr ráðstefnunni „Menntun fyrir störf framtíðar“ sem skólinn hélt á vordögum 2020. Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðum í apríl sl. og næstu skref til útfærslu og þróunar hugmynda hópsins verða í höndum starfsfólks og stjórnenda á næsta skólaári. Áfram verður unnið eftir sjálfsmatsáætlun skólans og gæðagreina ásamt því að skoða með hvaða hætti skólinn uppfyllir stefnu sína og áætlanir. Sjálfsmatsáætlun skólans er endurskoðuð og endurunnin í takti við breytta tíma og áherslur hverju sinni.

5 Lokaorð

Öll starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar miðar að því að gera góðan skóla betri. Skólastarfið er í stöðugri þróun og allt starfsfólk skólans hefur lagt sitt af mörkum til að efla starfið enn frekar. Viðhorf kennara til sjálfsmats eru afar jákvæð og þeir eru mjög virkir í allri faglegri umræðu og sjálfsskoðun.

Í þessari sjálfsmatsskýrslu er dregið saman það helsta sem gert hefur verið á skólaárinu 2020 – 2021. Sjálfsmatsskýrslan sjálf getur ekki orðið tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum sem tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar dregur hún upp ákveðna mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til að bæta skólastarfið.


Helsta viðfangsefni skólaársins 2021 – 2022 auk hefðbundna kannana og gæðagreina er skólaþróun í tengslum við tillögu starfshóps um „Menntun fyrir störf framtíðar“.

6 Fylgiskjöl


Fylgiskjal 1 Náms- og starfsráðgjöf skólaárið 2020 – 2021

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2019 komu 51 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 97. Að auki voru fjölmörg viðtöl tekin símleiðis og eru þau ekki skráð sérstaklega. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á haustönn 2019.



Á vorönn 2020 komu 51 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 93. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á vorönn 2020.



Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa

Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa var 40% á skólaárinu 2019-2020.

Ástæður ráðgjafar

Flestir nemendur sem koma í viðtöl eru að leita sér upplýsinga um námið, námsframvinduna og námsáætlanagerð. Stór hópur nemenda kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra s.s. vegna kvíða, sértækra námserfiðleika, erfiðleika í samskiptum o.fl. Fer þessi hópur stækkandi og eykst umfang þeirra mála jafnhliða. Námsráðgjafi metur með nemendum þörf á sálfræðiaðstoð sem stendur nemendum til boða, en skólinn, í samstarfi við sjúkrasjóð Stéttarfélag Vesturlands, býður nemendum upp á 4 viðtöl hjá sálfræðingi, að eigin vali, sér að kostnaðarlausu. Nokkuð er um að fólk utan skólans komi í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um skólann og möguleika þeirra á að hefja nám í MB.

Covid-19 / skólalokun.

Í mars var sett á samkomubann í landinu vegna kórónuveirufaraldsins og máttu nemendur því ekki sækja skólann. Kennsla hélt þó áfram í skólanum og fór hún fram í gegnum Teams. Námsráðgjafi var í virku sambandi við nemendur og með regluleg viðtöl við nokkra með fjarfundarsniði. Nemendur áttuðu sig fljótt á því að mesta áskorunin var að halda rútinu á vinnunni sinni og snérist ráðgjöfin að stórum hluta til, að aðstoða nemendur við það, einnig þurftu þeir á hvatningu og almennu spjalli að halda. Fjöldi viðtala á vorönninni var því svipaður og undanfarnar vorannir, þrátt fyrir fjarveru nemenda úr skólanum.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Verkefni náms- og starfsráðgjafans snúast nánast eingöngu um viðtöl við nemendur en fræðsluþáttur náms- og starfsráðgjafa í skólanum er minni. Námsráðgjafi kennir lífsleikni sem er 5 vikna námskeið á haustönn í námstækni fyrir nýnema og annað 5 vikna námskeið fyrir útskriftarnemendur á vorönn þar sem megináherslan er lögð á starfsfræðslu.

- Flestir nemendur koma í viðtöl til að fá upplýsingar um námið sitt og námsframvinduna og fengu þeir aðstoð við að gera námsáætlanir, markmiðsetningu og að skipuleggja það sem eftir er af náminu. Námsráðgjafi leitast einnig við að aðstoða nemendur við að meta á hvaða sviði áhugi þeirra liggur og hverjir eru styrkleikar þeirra, finna lausnir á hinum ýmsu persónulegu málum sem nemendur eru að glíma við, með því að vera í góðu sambandi við hina ýmsu sérfræðinga eins og sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa o.fl. Einnig leita nemendur mikið til námsráðgjafa varðandi upplýsingar um annað nám þ.m.t. háskólanám og þá sérstaklega stúdentsefni. Fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma eru einnig nokkuð miklar. Nokkuð er um að foreldrar yngri nemenda skólans leiti til námsráðgjafa með mál er varða nám og skólavist barna þeirra.
- Námsráðgjafi heldur utan um allar greiningar nemenda og miðlar helstu upplýsingum til kennara um einstaka nemendur.
- Námsráðgjafi metur með nemendum þörf fyrir sálfræðiaðstoð sem skólinn í samstarfi við Stéttarfélag Vesturlands greiðir fyrir en nemendur geta fengið 4 tíma hjá sálfræðingu sér að kostnaðarlausu á einu skólaári.
- Námsráðgjafi situr samráðsfundi með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum, sálfræðingum o. fl.
- Gerir námáætlanir með nemendum, aðstoðar þá við skoðun áfanga, aðstoðar nemendur við að finna fjarnámsáfanga í gegnum fjarmenntaskólann.
- Aðstoðar nemendur við að kortleggja á hvaða sviði áhugi þeirra liggur og að vera meðvitaðir um styrkleikana sína sem gæti aðstoðað þá við námið.
- Námsráðgjafi fór, ásamt aðstoðarskólameistara og nemendum úr stjórn nemendafélagsins, í skólaheimsóknir. Þar var MB kynntur og spjallað við

nemendur í 10. bekkjum. Þessar heimsóknir er mjög mikilvægar því nauðsynlegt er að kynna skólann sem allra best. Nemendum 10. bekkja í GB, GBF, Auðarskóla, Heiðarskóla og Brekkubæjarskóla var síðan boðið í heimsókn til okkar á vordögum sem var mjög vel heppnuð og gott fyrir væntanlega nemendur að „máta“ sig við skólann og kynnast aðstæðum betur og þá sérstaklega fyrir nemendur sem eru óöruggir í nýjum aðstæðum.

- Að brautskráningu lokinni aðstoðar námsráðgjafi við hin ýmsu störf er tengjast frágangi skólaársins og innritun nýrra nemenda, ásamt því að taka viðtöl við fólk sem enn er ekki búíð að ganga frá sínum málum varðandi áframhaldandi nám.

Borgarnesi 12. júní 2020

Elin Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi